

Aðalfundur FNS 17.04.2015.

Fundarstjóri: Sandra Pálsdóttir

Mættir: 42 félagsmenn + fundinum útvarpað á Skype

1. Skýrsla stjórnar.

Helga Helgadóttir formaður FNS fór yfir skýrslu stjórnar (sjá skýrslu stjórnar á heimasíðu FNS).

2. Ársreikningur FNS.

Ágústa Björnsdóttur gjaldkeri fór yfir ársreikninginn. Félagsmenn geta fengið ársreikninginn sendan kjósi þeir það.

3. Umræður um skýrslu og ársreikning.

Helga sagði frá því að stjórn FNS hefði tekið þá ákvörðun að færa þeim sem létu af störfum í nefndum og ráðum viðurkenningarskjal í stað gjafa og blóma eins og tíðakast hefði. Var gerður góður rómur að þessari ákvörðun.

Ágústa vakti athygli á því að félagið hefði hagnast nokkuð á yfirstandandi ári m.a. af gengismunatekjum og að mikilvægt væri fyrir félagið að eiga þennan sjóð til að geta nýtt hann ef/þegar farið yrði í frekari vinnu við athugun á stofnun stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa. Ágústa minntist einnig á að Gunnar Haraldsson endurskoðandi ársreikningsins hefði gefið út það álit að ársreikningurinn gæfi gott yfirlit af starfi félagsins.

4. Lagabreytingar.

Fram komu breytingatillögur við tvær greinar félagsins.

Við grein 4:

4. grein

Var:

(um félagsmenn í Félagi náms- og starfsráðgjafa):

c. nemar í náms- og starfsráðgjöf og þeir sem hafa leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 35/2009 geta sótt um aukaaðild.

Verður:

c. Þeir sem hafa leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 35/2009 geta sótt um aukaaðild.

Var:

Gjaldkeri félagsins sér um félagaskrá og innheimtu félagsgjalda í umboði stjórnar.

Verður:

Gjaldkeri félagsins sér um innheimtu félagsgjalda í umboði stjórnar. Stjórn FNS sér um félagaskrá og inntöku nýrra félagsmanna.

Helga útskýrði fyrir fundarmönnum ástæður breytingatillögunnar og samþykkti meirihluti fundarmanna hana.

Við grein 12:

12. grein

Var:

Fræðslunefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hún er skipuð fimm félagsmönnum. Starfssvið hennar er að sjá um heimasíðu FNS auk þess að vinna að fræðslu- og endurmenntunarmálum í samráði við stjórn félagsins.

Verður:

Fræðslunefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hún er skipuð fimm félagsmönnum. Starfssvið hennar er að vinna að fræðslu- og endurmenntunarmálum í samráði við stjórn félagsins.

Var:

Ekki er heimilt að sitja lengur í nefndum og fagráðum en 4 ár í senn. Hið sama gildir um fulltrúa í norrænu samstarfi.

Verður:

Ekki er heimilt að sitja lengur í nefndum og fagráðum en 4 ár í senn. Hið sama gildir um fulltrúa í norrænu samstarfi. Nefndir og ráð skulu, í lok starfsárs, skila greinagerð til stjórnar FNS um starf nefndarinnar/ráðsins.

12. gr. frh.

Var:

Fjögur fagrád skulu jafnan starfrækt í FNS. Hvert þeirra er skipað þremur félagsmönnum og þar af skal leitast við að einn í hverju fagráði sitji í stjórn. Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur (grunn-, framhalds- og háskóla-) í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum.

Verður

Fjögur fagrád skulu jafnan starfrækt í FNS. Hvert þeirra er skipað þremur félagsmönnum og þar af skal leitast við að einn í hverju fagráði sitji í stjórn. Fagrád skulu skipuleggja a.m.k. einn viðburð á starfsári og skapa samráðsvettvang fyrir náms- og starfsráðgjafa. Hlutverk fagráða er að vera stjórn félagsins til ráðgjafar um fagleg málefni og störf náms- og starfsráðgjafa á skólastigunum þremur (grunn-, framhalds- og háskóla-) í fyrirtækjum og á atvinnumiðlunum.

Við bætist:

Upplýsinga- og samskiptanefnd skal jafnan starfrækt í FNS. Hlutverk hennar er að hafa umsjón með heimasíðu félagsins og hvetja félagsmenn til þess að birta þar efni er tengist störfum náms- og starfsráðgjafa í víðu samhengi. Hún skal einnig hvetja til þess að náms- og starfsráðgjafar kynni störf sín sem víðast svo auka megi skilning almennings á eðli og umfangi náms- og starfsráðgjafar.

Uppstillinganefnd skal skipa fyrir aðalfund FNS. Hún óskar eftir tilnefningum í trúnaðarstörf, nefndir og ráð félagsins. Félagmenn geta boðið sig fram til slíkra starfa og fer kosning fram á aðalfundi ef með þarf.

Nokkur umræða skapaðist um heitið „samskiptanefnd“ og á endanum var samþykkt með handauppréttingu að nefndin bæri nafnið „upplýsinga- og samskiptanefnd“.

5. Umræður og afgreiðsla mála.

Sandra Pálsdóttir fundarstjóri stýrði þessum lið.

Ekki var óskað eftir frekari umræðum um mál undir þessum lið.

6. Stjórn og nefndir fyrir 2015 eru eftirfarandi:

Stjórn: Ingibjörg Kristinsdóttir, Olga Sveinbjörnsdóttir, Unnur Símonardóttir, Margrét Björk Arnardóttir, Soffía Valdimarsdóttir, Guðný Eyþórsdóttir og Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir.

Fræðslunefnd: Arnbjörg Ósp Matthíasdóttir, Helga Lind Hjartardóttir, Ragnhildur Ísleifs Ólafsdóttir, Bjarney Sif Ægisdóttir, Sandra Þóroddsdóttir og Helga Rúna Þorsteinsdóttir

Fagráð:

Grunnskóli: Helga Tryggvadóttir og Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir, auk fulltrúa stjórnar

Framhaldsskóli: Svanhildur Svavarsdóttir og Sunna Þórarinsdóttir, auk fulltrúa stjórnar

Háskóli: Helga Helgadóttir og Gréta Matthíasdóttir, auk fulltrúa stjórnar

Atvinnulíf: Heimir Haraldsson og Elísabet Pétursdóttir, auk fulltrúa stjórnar

Kjaranefnd:

Grunnskóli: Birna Hilmarsdóttir og Agnes Braga Bergsdóttir

Framhaldsskóli: Hrönn Baldursdóttir og Ásdís Birgisdóttir

Háskóli: Hildur Rafnsdóttir. *Hér vantar einn aðila í nefnd.*

Atvinnulífið: Ingibjörg Ebba Björnsdóttir, Ketill Jósefsson

Siðanefnd: Ásta Gunnlaug Briem, Kolbrún Hanna Jónasdóttir og Jónína Kárdal, auk fulltrúa stjórnar.

Upplýsinga- og samskiptanefnd: Margrét Björk Arnardóttir, vefstjóri. Álfhildur Eiríksdóttir og Ester Þorsteinsdóttir

7. Önnur mál.

Sandra Pálsdóttir fundarstjóri stýrði þessum lið.

Fráfarandi formaður Helga Helgadóttir fór yfir lokaorð ársskýrslunnar og færði fundarmönnum og öðrum félagsmönnum þakkir fyrir samstarfið.

Fundarstjóri bað þá sem áttu að fá viðurkenningarskjal fyrir setu í nefndum og ráðum að nálgast skjalið hjá sér en að öðrum yrði sent skjalið í pósti.

8. Veitingar og spjall.

Aðalfundurinn hófst kl. 15 og var slitið kl. 17.

Olga Sveinbjörnsdóttir ritari.